Borgarstjórn Reykjavíkur
17. nóvember 2026

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um að efla faglegan undirbúning í leikskólum Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að vinna tillögur að því hvernig tryggja megi aukinn og markvissan undirbúningstíma í leikskólum borgarinnar, með það að markmiði að jafna aðstæður til faglegs leikskólastarfs, óháð samsetningu starfsfólks á einstökum deildum. Í vinnunni skal skoða hvernig tryggja megi leikskólaleiðbeinendum og öðrum starfsmönnum, sem hafa takmarkaðan undirbúningstíma samkvæmt kjarasamningum, aukið svigrúm til faglegs undirbúnings í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin. Skilgreina skal viðbótarundirbúningstíma sem einstaklingsbundinn tími þeirra starfsmanna sem fá slíkum tíma úthlutað. Við útfærsluna verði tryggt að viðbótarundirbúningstími sé skipulagður, skráður og varinn gegn því að falla niður vegna manneklu eða annarra rekstraraðstæðna. Meta skal þörf fyrir afleysingu vegna undirbúningstíma. Tillögurnar skulu lagðar fram í leikskóla- og daggæsluráð eigi síðar en í lok mars 2027.

Greinargerð

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og faglegur undirbúningur er ein af grundvallarforsendum þess að tryggja vandað menntastarf sem styður við þroska, nám og velferð barna. Undirbúningstími gerir starfsfólki kleift að skipuleggja og meta skólastarf, sinna foreldrasamstarfi, mæta einstaklingsbundnum þörfum barna og vinna að faglegri þróun starfsins. Jafnframt stuðlar vel skipulagður undirbúningstími að betra starfsumhverfi og getur dregið úr álagi á starfsfólk.

Samkvæmt lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda skal að lágmarki tveir þriðju hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljast til stöðugilda kennara. Þessu markmiði hefur hins vegar ekki verið náð. Samkvæmt tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2024 var hlutfall kennara í leikskólum Reykjavíkurborgar um 21%, hlutfall starfsfólks með aðra uppeldismenntun um 22% og hlutfall ófaglærðra og annarra starfsmanna um 58%.

Þessi staða hefur áhrif á þann undirbúningstíma sem er til staðar á einstökum deildum leikskóla, enda er réttur til undirbúningstíma mismunandi eftir starfsheitum, menntun og ákvæðum kjarasamninga.

Undirbúningstími sem einstaklingsbundinn réttur

Með kjarasamningum árið 2020 var stigið mikilvægt skref í að styrkja fagmennsku í leikskólum með skýrari ákvæðum um undirbúningstíma leikskólakennara og annarra félagsmanna Kennarasambands Íslands.

Í greinum 2.7 og 2.7.1 í kjarasamningi Félags leikskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga er kveðið á um innihald undirbúningstíma, lágmarksrétt einstakra starfsstétta og hvernig skuli staðið að skipulagningu og framkvæmd hans.

Reykjavík

Samkvæmt kjarasamningnum er lágmarksundirbúningstími miðað við fullt starf eftirfarandi:

- Leikskólakennarar og kennarar: 7 klukkustundir á viku.
- Deildarstjórar og leikskólasérkennarar/sérkennarar: 10 klukkustundir á viku.
- Sérgreinastjórar og verkefnastjórar með leyfisbréf leikskólakennara/kennara: 10 klukkustundir á viku.
- Aðstoðarleikskólakennarar og háskólamenntaðir starfsmenn með aðra uppeldisfræðimenntun en kennarar: 4 klukkustundir á viku.
- Aðstoðarleikskólakennarar og háskólamenntaðir starfsmenn með aðra uppeldisfræðimenntun sem sinna deildarstjórn eða sérkennslu: 8 klukkustundir á viku.
- Háskólamenntaðir sérgreinastjórar og verkefnastjórar með aðra uppeldisfræðimenntun en kennarar: 8 klukkustundir á viku.
- Háskólamenntaðir starfsmenn án uppeldisfræðimenntunar: 2 klukkustundir á viku.
- Háskólamenntaðir starfsmenn án uppeldisfræðimenntunar sem sinna deildarstjórn: 8 klukkustundir á viku.

Kjarasamningurinn tryggir jafnframt að undirbúningstími sé skipulagður í samráði starfsmanns og leikskólastjóra og skráður í vinnuskýrslu. Ef starfsmaður þarf að sinna öðrum verkefnum á skipulögðum undirbúningstíma skal færa tímann innan vinnudags eða vinnuviku. Reynist það ekki unnt skal undirbúningur fara fram utan dagvinnumarka og greiðast sem yfirvinna.

Þessi réttindarammi er mikilvæg forsenda fagmennsku í leikskólum. Hann tryggir að undirbúningstími sé ekki háður daglegum rekstraraðstæðum eða einhliða ákvörðunum stjórnenda, heldur sé um að ræða skilgreindan og varinn rétt hvers starfsmanns.

Tillagan felur því hvorki í sér breytingar á þessum ákvæðum né heimild til að færa einstaklingsbundinn undirbúningstíma yfir í sameiginlegan undirbúningstímapott deildar. Reykjavíkurborg getur hins vegar ákveðið að veita starfsfólki aukinn undirbúningstíma umfram þau réttindi enda eru kjarasamningar ávallt lágmarkssamningar.

Mismunandi aðstæður til faglegs undirbúnings

Samkvæmt kjarasamningi Eflingar er undirbúningstími deildarstjóra að lágmarki átta klukkustundir á viku miðað við fullt starf og nýtur hann sérstakrar verndar samkvæmt samningnum. Fyrir aðra starfsmenn er miðað við 0,5–2 klukkustundir á viku eftir umfangi þeirra verkefna sem þeim eru falin, en sá tími nýtur ekki sömu tryggingа.

Mismunandi ákvæði kjarasamninga, ásamt ólíkri samsetningu starfsfólks, geta leitt til þess að verulegur munur sé á þeim heildartíma sem starfsfólk einstakra deilda hefur til faglegs undirbúnings.

Sem dæmi má bera saman tvær deildir með fimm starfsmenn hvor.

Á annarri deildinni starfa kennaramenntaður deildarstjóri, einn leikskólakennari, tveir háskólamenntaðir starfsmenn án uppeldismenntunar og einn ófaglærður starfsmaður. Samanlagður undirbúningstími samkvæmt framangreindum ákvæðum getur þar numið 21–23 klukkustundum á viku.

Á hinni deildinni starfa fimm ófaglærðir starfsmenn, þar á meðal deildarstjóri. Þar getur samanlagður undirbúningstími numið 8–16 klukkustundum á viku, eftir því hvernig undirbúningstíma annarra starfsmanna er háttað.

Þessi dæmi sýna að samsetning starfsfólks hefur áhrif á þann tíma sem tiltækur er til undirbúnings. Þau sýna hins vegar ekki að rétt sé að breyta eða jafna niður einstaklingsbundin réttindi starfsmanna.

Þvert á móti undirstrika þau mikilvægi þess að fjölga menntuðum leikskólakennurum og styrkja jafnframt möguleika annars starfsfólks til að undirbúa þau verkefni sem því eru falin.

Aukinn undirbúningstími án skerðingar á réttindum

Kjarasamningar eru lágmarkssamningar. Þeir koma ekki í veg fyrir að sveitarfélög ákveði að veita starfsfólki betri starfskjör eða aukinn undirbúningstíma umfram það sem samið hefur verið um. Í því felst tækifæri fyrir Reykjavíkurborg til að efla faglegt leikskólastarf án þess að veikja þann mikilvæga réttindaramma sem þegar hefur verið byggður upp. Reykjavíkurborg geti tryggt aukinn undirbúningstíma þeirra starfsmanna sem hafa takmarkaðan rétt samkvæmt gildandi kjarasamningum.

Slíkur viðbótarundirbúningstími þarf að vera skýrt skilgreindur, tengdur verkefnum viðkomandi starfsmanns og skipulagður með þeim hætti að hann nýtist til faglegs starfs. Undirbúningstími er ekki eingöngu skipulagslegt úrræði heldur nauðsynlegur þáttur í faglegu starfi. Hann verður því að njóta raunverulegrar verndar gegn því að falla niður vegna manneklu, forfalla eða annarra rekstrarlegra aðstæðna.

Fjármögnun og ábyrgð Reykjavíkurborgar

Aukinn undirbúningstími kallar á að nauðsynlegt fjármagn og mönnun fylgi framkvæmdinni. Við vinnslu tillögunnar þarf að athuga þörf á endurskoðun úthlutunarlíkansins Snorra til að tryggja að leikskólar fái fjármagn til að mæta þeim viðbótarundirbúningstíma sem ákveðið verður að veita starfsfólki. Jafnframt þarf að gera ráð fyrir afleysingu þannig að aukinn undirbúningstími eins starfsmanns leiði ekki til aukins álags á aðra eða skerðingar á starfi með börnum. Sérstaklega þarf að gæta þess að viðbótarundirbúningstími verði ekki fjármagnaður með því að draga úr þeim tíma eða þeirri afleysingu sem nauðsynleg er til að uppfylla gildandi kjarasamninga.

Fagmennska og jafnræði barna

Markmið tillögunnar er að styrkja faglegt starf í leikskólum Reykjavíkurborgar, bæta starfsaðstæður starfsfólks og stuðla að auknu jafnræði barna til vandaðrar leikskólamenntunar, án þess að draga úr þeim réttindum sem þegar hafa verið tryggð með kjarasamningum.

Markmið um aukið jafnræði barna til vandaðrar leikskólamenntunar verður ekki náð með því einu að jafna fjölda undirbúningstíma milli deilda. Menntun starfsfólks, fagleg þekking og ábyrgð skipta einnig grundvallarmáli.

Því verður áfram að leggja ríka áherslu á að fjölga leikskólakennurum og vinna að því lögbundna markmiði að tveir þriðju hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu stöðugildi kennara. Samhliða því er mikilvægt að styrkja starfsaðstæður annars starfsfólks og tryggja því nauðsynlegt svigrúm til að sinna þeim verkefnum sem því eru falin.

Með því að byggja á gildandi kjarasamningsbundnum réttindum og bæta við undirbúningstíma þar sem þörf er á getur Reykjavíkurborg stuðlað að auknum gæðum leikskólastarfs, bættum starfsaðstæðum og meira jafnræði barna, án þess að veikja faglega stöðu leikskólakennara eða einstaklingsbundin réttindi þeirra.